

ÁLYKTUNARTILLAGA

VÆTTASKÁTAR



Flutningsaðili: Unnur Líf Kvaran

Lagt er til að heiti aldursbilsins 26 ára+ verði breytt úr **eldri skátar** í **Vættaskátar**

GREINARGERÐ

Fyrir þessari tillögu eru ýmis rök;

ÆSKA: Skátastarf á að vera ævintýralegt, skemmtilegt, krefjandi og aðgengilegt. Mér finnst draga úr ævintýrinu og lítið skemmtilegt að umrætt aldursbil kallist “eldri skátar”. Þegar fálkaskátar sem eru alveg á bólakafi í skátastarfi og ævintýrið er í hámarki spyrja með stjórnur í augunum; “hvenær fæ ég grænan klút?” og ég svara; “þegar þú verður dróttskáti eftir 2 ár” og þau spyrja; “og hvað kemur á eftir dróttskátum?” og svo kemur loks að því að þau spyrja mig “hvernig skáti ert þú?” og ég þarf að svara með því þurra svari að ég er sko “eldri skáti” og þá er ævintýrið úti að svo er virðist. En ef aldursbilið hefur eitthvað skemmtilegt nafn þá bendir það til þess að börnin geti haldið áfram í skátunum til æviloka og samt tekið virkan þátt.

Táknræn umgjörð: Í skátunum er mikið gert úr táknrænni umgjörð, aldurbil þátttakenda bera öll einhvert skemmtilegt nafn, með táknræna umgjörð. Könnuðamerki hvers aldursbils og táknræna umgjörðin utan um þau er sagan um landvættina. Til þess að tóna við þessa táknrænu umgjörð þá legg ég til nafnið vættaskátar fyrir elsta aldursbilið. Hvert er hlutverk eldri skáta? Það er að styðja, vernda, hvetja, hjálpa, byggja upp og vera til staðar, rétt eins og góðar vættir gera!

Nafnið vættaskátar minnir okkur á að æskan er í aðalhlutverki og við erum hér til að hjálpa börnum og ungmönnum í hreyfingunni okkar að þroskast, læra, vaxa og byggja betri heim.

Fjölbreytni: Vættir eru af fjölbreyttum toga rétt eins og fullorðnir skátar. Sumir skátar starfa á bakvið tjöldin og stökkva til þegar á þarf að halda, aðrir á vikulegum fundum með krökkunum, enn aðrir í stjórnnum skátafélaga þar sem leiðandi ákvarðanir eru teknar, sum eru pappírsskátar, önnur fjallageitur og sum einhversstaðar mitt á milli.



Við erum öll ómetanleg fyrir þessa hreyfingu þó hlutverk okkar séu ólík, ævintýrið hættir ekki þó við tökum að okkur styðjandi og uppbyggjandi hlutverk eftir að þátttökualdurinn eldist af okkur. Þess vegna finnst mér mikilvægt að við höfum eitthvað lýsandi og skemmtilegt heiti eins og VÆTTASKÁTAR!